

Kópavogsbær
b/t Bergljót S. Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 31. maí 2019
UST201905-153/A.B.
10.04.00

**Efni: Lýsing - Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 og nýtt deiliskipulag
- Traðarreitur austur**

Vísað er til erindis verkefnastjóra aðalskipulags hjá Kópavogsbæ er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu að aðalskipulagi Kópavogs og nýju deiliskipulagi við Traðarreit í Kópavogi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í að heimila enduruppbyggingu á svokölluðum „Traðarreit-austur“ fyrir fjölbýlishús. Hann er um 7800 m² að stærð og þar eru nú 8 einbýlishúsalóðir en lagt er til að reiturinn verði skilgreindur sem þróunarreitur fyrir þettingu byggðar.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.


Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
sérfræðingur

